

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar – nóvember 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var lítillega neikvæður en staðan er betri en gert hafði verið ráð fyrir. Innheimtar tekjur jukust um 9,4 ma.kr. milli ára en móti jukust greidd gjöld um 45,8 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 17,9 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á 38,6 ma.kr. 2014. Þessi viðsnúningur milli ára skýrist að stórum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var í lok ársins 2014 kom til greiðslu nú í byrjun árs 2015.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-nóvember 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	480.966	568.203	577.565
Greidd gjöld	512.967	534.432	580.256
Tekjujöfnuður	-32.001	33.771	-2.691
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	5.727	4.850	-15.255
Handbært fé frá rekstri	-26.274	38.621	-17.946
Fjárfestingahreyfingar	-20.999	-15.774	8.484
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-47.494	22.847	-9.462
Afborganir lána	-92.581	-141.539	-162.801
Innanlands	-87.684	-31.136	-54.205
Erlendis	-4.897	-110.403	-108.596
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-139.854	-118.692	-172.263
Lántökur	82.712	183.045	58.025
Innanlands	82.712	66.607	58.025
Erlendis	0	116.438	0
Breyting á handbæru fé	-57.142	64.353	-114.238

Innheimtar tekjur ríkissjóðs jukust um 1,6% á milli ára og námu 577,6 ma.kr. á fyrstu 11 mánuðum ársins 2015. Jákvætt frávik frá áætlun fjárlaga 2015 nemur 33,5 ma.kr. eða 6,2%. Af innheimtum tekjum námu skatttekjur og tryggingagjöld samtals 519 ma.kr. sem er 3% meira en á sama tíma í fyrra. Þegar leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sjálfs eru skatttekjur og tryggingagjöld 18,5 ma.kr. eða 3,7% yfir áætlun.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 3,6% á milli ára og námu samtals 196,9 ma.kr. Tekjuskattur einstaklinga nam 114,3 ma.kr. sem er 8,2% meira en í fyrra og 4 ma.kr. eða 3,7% yfir áætlun. Staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars tímabilið janúar-nóvember jókst um 8,4% á milli ára. Hluti ríkissjóðs í henni, þ.e. tekjuskatturinn, jókst um 10,5%. Tekjuskattur lögaðila nam 46,7 ma.kr. og dróst saman um 11,5% frá fyrra ári vegna minni tekna af sérstökum fjársýsluskatti. Sérstakur fjársýsluskattur nam 5,8 ma.kr. á fyrstu 11 mánuðum ársins samanborið við tæplega 13 ma.kr. árið á undan. Álagning lögaðila fór fram í lok október og var álagning tekjuskattsins 63,8 ma.kr. sem var 14,8% aukning frá árinu 2014. Tekjuáætlun hans var því hækkuð í fjárukalagafrumvarpi ársins 2015 en innheimta tekjuskattsins fyrir fyrstu 11 mánuði ársins eru töluverð vonbrigði. Þar munar mestu um að endurgreiðslur vegna fyrri ára hafa verið mun hærri en gert var ráð fyrir.

Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 35,9 ma.kr sem er aukning um 13,3% á milli ára. Þar af nam fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum 7,2ma.kr. en sá hluti flokkast sem óreglulegur liður. Hin háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbanka Íslands, en greiddur fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7



ma.kr. Ef fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs er undanskilinn nam fjármagnstekjuskattur 28,7 ma.kr. sem er 7,3 ma.kr. yfir áætlun og 14,3% aukning á milli ára. Það eru einkum tekjur arði og söluhagnaði sem skýra þessa aukningu.

1.1.1 Tekjur ríkissjóðs janúar – nóvember 2013–2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	430.105	504.125	519.020	5,5	17,2	3,0
Skattar á tekjur og hagnað	147.562	190.100	196.926	8,6	28,8	3,6
Tekjuskattur einstaklinga	98.081	105.616	114.289	7,7	7,7	8,2
Tekjuskattur lögaðila	28.692	52.782	46.733	2,3	84,0	-11,5
Skattur á fjármagnstekjur	20.789	31.702	35.904	24,6	52,5	13,3
Eignarskattar	12.968	14.037	7.643	1,7	8,2	-45,6
Skattar á vöru og þjónustu	187.749	198.571	212.898	4,5	5,8	7,2
Virðisaukaskattur	122.768	132.401	147.084	5,2	7,8	11,1
Vörugjöld af ökutækjum	4.122	4.573	6.422	7,5	10,9	40,4
Vörugjöld af bensíni	10.757	10.913	11.049	-1,8	1,5	1,2
Skattar á olíu	6.533	6.862	7.433	3,5	5,0	8,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	15.643	16.522	16.915	5,3	5,6	2,4
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	27.926	27.300	23.995	3,1	-2,2	-12,1
Tollar og aðflutningsgjöld	4.722	5.214	5.289	-28,5	10,4	1,4
Aðrir skattar	15.055	30.263	25.288	12,1	101,0	-16,4
Tryggingagjöld	62.052	65.941	70.976	4,3	6,3	7,6
Fjárframlög	293	270	267	-60,9	-7,8	-1,1
Aðrar tekjur	49.884	62.397	57.854	53,2	25,1	-7,3
Sala eigna	684	1.412	423	-	-	-
Tekjur alls	480.966	568.203	577.565	8,7	18,1	1,6

Eignarskattar drógust talsvert saman frá fyrra ári eða um 45,6% og námu 7,6 ma.kr. á tímabilinu sem er 2 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn á milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum. Stimpilgjöld námu 3,6 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 19,1% frá því í fyrra. Skýringin á aukningu tekna af stimpilgjöldum milli ára liggur að miklu leyti í vaxandi umsvifum á fasteignamarkaði. Tekjur af erfðafjárskatti jukust um 16,7% á milli ára og námu 2,3 ma.kr. sem er 6,4% yfir áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 7,2% á milli ára og námu samtals 212,9 ma.kr. sem er 5,9 ma.kr. eða 2,8% yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 147,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 2,7 ma.kr. eða 1,8% yfir áætlun fjárlaga og aukning um 11,1% á milli ára. Vörugjald af ökutækjum nam 6,4 ma.kr. sem er 1,3 ma.kr. eða 25,3% yfir áætlun og 40,4% meira en í fyrra. Aukningin á milli ára skýrist af fjölgun innfluttra bifreiða, en fjölgunin kemur þó ekki að fullu fram í stofni vörugjaldsins þar sem hann miðast við koltvísyringslosun og hún hefur dregist saman á milli ára. Vörugjöld af bensíni eru 0,1 ma.kr. yfir áætlun og skiluðu þau 11 ma.kr. sem er 1,2% meira en í fyrra. Olíugjaldið jókst um 8,3% frá því í fyrra og skilaði 7,4 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. yfir áætlun. Kolefnisgjaldið er 3% undir áætlun og nam 3,2 ma.kr. sem er 8,1% aukning frá fyrra ári. Innheimta bifreiðagjalds stendur í 6,5 ma.kr. sem er 0,1 ma.kr. undir áætlun.

Tekjur af áfengisgjaldi námu 11,5 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. eða 2% yfir áætlun og aukning um 4,1% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru á hinn bóginn 1,6% undir áætlun og námu 5,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,1% minna en í fyrra. Sala áfengis á fyrstu 11 mánuðum ársins, mæld í vínanda allra tegunda samtals, var 1,8% meiri í ár en í fyrra. Tóbakssala var 2,2% minni að magninu til en hún var á sama tímabili í fyrra (sala



vindlinga).

Tollar og aðflutningsgjöld námu 5,3 ma.kr. sem er 0,5 ma.kr. eða 9,9% yfir áætlun og 1,4% aukning frá fyrra ári.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 71 ma.kr. á tímabilinu sem er 0,4 ma.kr. yfir áætlun og 7,6% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið (ásamt Fæðingarorlofssjóði) 56,7 ma.kr. og atvinnutryggingagjaldið 13,6 ma.kr.

Aðrir skattar námu 25,3 ma.kr. en það er 4,6 ma.kr. minna en áætlað hafði verið og samdráttur upp á 16,4% á milli ára. Þar af nam gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra 1,9 ma.kr. og útvarpsgjald 3,7 ma.kr. Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, öðru nafni bankaskattur, nam 13,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,9 ma.kr. undir áætlun en líklegt er að það frávik leiðréttist þegar desembermánuður kemur inn. Skattar á launagreiðslur og vinnuafl, sem einnig flokkast undir liðinn aðrir skattar, námu 5,6 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. undir áætlun. Innheimta fjársýsluskatts, sem lagður er á fjármálafyrirtæki og tryggingafélög, nam 2,6 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. minna en áætlað hafði verið og 8,4% samdráttur frá því í fyrra. Samdrátturinn milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli en 5,5% í janúar 2015. Einnig hefur skattstofninn á fyrstu ellefu mánuðum ársins lækkað um 5,9% á milli ára.

Aðrar tekjur en skatttekjur drógust saman um 7,3% milli ára á fyrstu ellefu mánuðum ársins og námu samtals 57,9 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Tekjur af arði frá öðrum félögum námu 5,7 ma.kr. og vaxtatekjur námu samtals 11,7 ma.kr. sem er 9,9% minna en á sama tímabili í fyrra. Veiðigjaldið skilaði 6,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 26,5% minna en í fyrra en lög um veiðigjöld hafa breyst á tímabilinu og eru tekjurnar nú á pari við áætlun fjárukalaga.

Greidd gjöld námu 580,3 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 45,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 8,6% sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greiningu á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Þróun útgjalda eftir málaflökkum janúar-nóvember 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	70.524	72.023	73.202	23,6	2,1	1,6
Almenn opinber þjónusta	45.881	46.121	49.162	31,9	0,5	6,6
Almannatryggingar og velferðarmál	123.760	124.401	126.544	20,1	0,5	1,7
Heilbrigðismál	116.565	125.314	136.247	32,3	7,5	8,7
Efnahags- og atvinnumál	52.855	57.469	78.452	32,5	8,7	36,5
Menntamál	47.388	48.764	52.170	25,2	2,9	7,0
Menningar, íþróttar og trúmál	16.052	16.267	17.252	33,3	1,3	6,1
Lög- og réttargæsla	19.729	20.633	21.171	25,5	4,6	2,6
Önnur útgjöld	20.213	23.441	26.056	48,8	16,0	11,2
Gjöld alls	512.967	534.432	580.256	27,6	4,2	8,6

Þróun málaflökkanna er svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárukalög fyrir þetta tímabil eins og þeim hefur verið dreift yfir árið út frá áætlaðri dreifingu raunútgjalda. Þá er búið að bætast inn í áætlunina flutt fjárheimildastaða frá fyrra ári sem bætist við eða dregst frá heimildum ársins eftir því hvernig staða fyrri ára endaði.



Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar-nóvember 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnýsla og löggjafarvald	3.830	3.605	6,2
Fjármálastjórnýsla ríkisins	9.805	9.472	3,5
Utanríkismál	10.295	10.298	0,0
Önnur almenn opinber þjónusta	8.868	7.456	18,9
Fjármagnskostnaður	73.202	72.023	1,6
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	16.365	15.290	7,0
Almenn opinber þjónusta	122.364	118.144	3,6
Lög- og réttargæsla	21.171	20.633	2,6
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	6.083	5.833	4,3
Landbúnaðarmál	13.061	12.780	2,2
Samgöngumál	24.904	23.688	5,1
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	5.059	4.431	14,2
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	19.501	0	-
Önnur efnahags- og atvinnumál	9.844	10.737	-8,3
Efnahags- og atvinnumál	78.452	57.469	36,5
Lyf og lækningavörur	16.742	16.748	0,0
Heilsugæsla	29.012	25.982	11,7
Sjúkrahúsþjónusta	59.117	53.575	10,3
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	27.128	25.134	7,9
Heilbrigðiseftirlit og stjórnýsla	4.248	3.874	9,6
Heilbrigðismál	136.247	125.314	8,7
Menningarmál	7.832	7.427	5,5
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	9.420	8.840	6,6
Menningar- og félagsmál	17.252	16.267	6,1
Framhaldsskólastig	21.612	19.514	10,8
Háskólastig	26.473	25.157	5,2
Önnur menntamál	4.084	4.093	-0,2
Menntamál	52.170	48.764	7,0
Örorka og fötlun	32.327	31.164	3,7
Öldrun	45.389	42.481	6,8
Fjölskyldur og börn	22.799	21.867	4,3
Atvinnuleysi	10.982	13.202	-16,8
Vaxtabætur	7.207	8.445	-14,7
Önnur trygginga- og velferðarmál	7.839	7.241	8,3
Almannatryggingar og velferðarmál	126.544	124.401	1,7
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	11.553	10.016	15,3
Fjármagnstekjuskattur	7.242	6.556	10,5
Annað	7.262	6.870	5,7
Önnur útgjöld	26.056	23.441	11,2



Gjöld alls	580.256	534.432	8,6
------------	---------	---------	-----

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 3,6% milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 122,4 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða tæplega 60%, en hann nam 73,2 ma.kr. á tímabilinu. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 16,4 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 10,3 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins námu 9,8 ma.kr. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 12,7 ma.kr. sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu 21,2 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 3,6 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu tæpum 3 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,5 m.kr. og annarra lögregluembætta 3,9 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 1,4 ma.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar tæpum 1,4 ma.kr. og útgjöld vegna málskostnaðar í opinberum málum 1,1 ma.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 78,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Einn stærsti útgjaldaliður þessa flokks er niðurfærsla vegna verðtryggðra húsnæðislána en gjaldfærsla vegna hennar nam 19,5 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir en engin gjaldfærsla var vegna þessa á sama tímabili 2014 þegar gjaldfærslan kom öll í lok ársins. Útgjöld til samgöngumála námu 24,9 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og meira en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum. Útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta og námu þau 20,6 ma.kr. á fyrstu ellefu mánuðum ársins. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 13,1 ma.kr. og eru svipuð á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti og námu þau 10,6 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 6,1 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 5,1 ma.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 9,8 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 136,2 ma.kr. og jukust um 10,9 ma.kr. milli ára. sem er 6,3 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins, sem skýrist að stórum hluta með halla fyrri ára sem dregst frá heimildum ársins. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 16,7 ma.kr. sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu rúmum 29 ma.kr. samanborið við tæpa 26 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 13,7 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 5,1 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 59,1 ma.kr. samanborið við 53,6 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu tæpum 43 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 5,6 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 7,7 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 27,1 ma.kr. og jukust um tæpa 2 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 4,2 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 17,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára en voru heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 7,8 ma.kr. og jukust um 5,5% frá fyrra ári. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 9,4 ma.kr. þar sem helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 3,4 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 5,3 ma.kr.



Útgjöld til menntamála námu 52,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 3,4 ma.kr. milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 21,6 ma.kr. og hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu 26,5 ma.kr. og jukust á milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 12,2 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,2 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 4,1 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu rúmum 126,5 ma.kr. á tímabilinu janúar - nóvember og jukust um 2,1 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 32,3 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 45,4 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 22,8 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna fæðingarorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu tæpum 11 ma.kr. samanborið við 13,2 ma.kr. í fyrra sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með lækkun atvinnuleysis á milli ára. Útgjöld vegna annarra trygginga- og velferðarmála námu 7,8 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 26,1 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 23,4 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 11,6 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við rúma 10 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 7,2 ma.kr. samanborið við 6,6 ma.kr. á fyrra ári.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 9,5 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 22,8 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 162,8 ma.kr. og þar af námu erlendar afborganir 108,6 ma.kr. Lántökur á tímabilinu námu alls 58,0 og voru allar innlendar.

Á fyrsta fjórðungi þessa árs keypti ríkissjóður tæplega 10% af skuldabréfi sem gefið var út í Bandaríkjadöllum árið 2011 og er á gjalddaga í júní 2016.

Í maí greiddi ríkissjóður fyrirfram lán frá Póllandi sem tekið var árið 2009 í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda eftir fall fjármálakerfisins, sem studd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Um var að ræða endurgreiðslu að fjárhæð 204 milljónir slota, jafnvirði um 7,3 milljarða króna.

Í júlí greiddi ríkissjóður upp eftirstöðvar svokallaðs Avens skuldabréfs að fjárhæð 192 milljónir evra auk vaxta. Upphaflegt nafnverð bréfsins var 402 milljónir evra og var það afborgunarbréf, gefið út árið 2010 með lokagjalddaga 2025.

Í ágúst leysti ríkissjóður til sín skuldabréf að nafnvirði 400 milljónir Bandaríkjadala sem gefið var út árið 2011 og er á gjalddaga í júní 2016. Heildarnafnverð útgáfunnar nam 1.000 milljónum Bandaríkjadala. Á fyrsta fjórðungi þessa árs keypti ríkissjóður tæplega 10% af útgáfunni og nema eftirstöðvar skuldar ríkissjóðs í ofangreindum skuldabréfum nú um 503 milljónum Bandaríkjadala eða um 68 ma.kr.